



## Reglur *um styrktarlínur og auglýsingar*

### **1. gr.**

#### **Markmið**

Markmið með þessum reglum er að samræma styrkveitingar á vegum sveitarfélagsins og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra. Eftirfarandi reglur eru nauðsynlegar við mat á umsóknum, markmiðum með styrkveitingu, ábyrgðarhlutverki aðila, meðferð og afgreiðslu styrkja og eftirfylgni.

### **2. gr.**

#### **Almennt**

Borgarbyggð veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki í formi styrktarlínu og/eða auglýsinga í prent- og ljósvakamiðlum. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Borgarbyggðar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Styrktarlínur og auglýsingar þurfa að samræmast hlutverki sveitarfélagsins eða vera í samræmi við stefnu þess og áherslur.

Borgarbyggð hefur að leiðarljósi að styðja fyrst og fremst við bakið á aðilum eða verkefnum innan sveitarfélagsins.

Ekki er hægt að sækja um styrk til verkefnis sem þegar er lokið.

Forsenda styrkveitingar er að fjármagn sé til staðar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til þess að standa straum af slíkum styrkveitingum/auglýsingum.

Samskiptastjóri fer með úthlutun í samráði við sveitarstjóra.



### **3. gr.**

#### **Fjárhæð styrkja**

Styrkur Borgarbyggðar til einstaka umsækjenda á þennan hátt getur ekki verið hærri en 50.000. Allar umsóknir sem eru umfram þá fjárhæð skal vísa á fund byggðarráðs til afgreiðslu.

### **4. gr.**

#### **Umsækjendur**

Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki í Borgarbyggð sem og á landinu öllu.

### **5. gr.**

#### **Skil umsókna og afgreiðsla erinda**

Tekið er við umsóknum um styrktarlínur og auglýsingar allt árið.

Senda skal inn umsókn í gegnum þjónustugáttina inn á [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is).

Auk almennra þátta skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

- Markmið, lýsing og tilefni umsóknar.
- Styrkupp hæð
- Tíma- og verkáætlun ef svo á við.
- Kostnaðaráætlun ef svo á við.
- Önnur fjármögnun.

Öllum umsóknum er svarað á netfang sem gefið er upp í umsókninni. Unnið er úr innkomum umsóknum eins fljótt og auðið er. Svar skal berast innan tveggja vikna frá skilum umsóknar.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Samskiptastjóri skal tilgreina umsækjanda niðurstöður afgreiðslu og vista málgögn í OneSystems.



**6. gr.**

**Endurgreiðslukrafa**

Borgarbyggð áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða að hálfu styrkþega.

**7. gr.**

**Skilyrði**

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Borgarbyggð skulu láta þess getið í kynningarefni sínu. Auk þess þarf að skila inn sönnun fyrir birtingu styrktarlínu eða auglýsingu til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að verkefni lýkur.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 8. júní 2023.*

*Reglurnar taka gildi strax við samþykkt þeirra.*